

29

4. febr.

L Ö G

um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að ákveða, að innheimta skuli með allt að 400% álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við núgildandi fasteignamat og aukamat og renna eiga í sveitarsjóð, að vatnsskatti undanskildum.

2. gr.

Ákveða má, að hækkun þessi komi til framkvæmda við innheimtu fasteignagjalda árið 1952.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Palmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

30

4. febr.

L Ö G

um hámark húsaleigu o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Hámark þeirrar húsaleigu, sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði, skal vera sem hér segir:

1. Í húsum, teknum til afnota fyrir 1. jan. 1942, kr. 7.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
2. Í húsum, teknum til afnota á tímabilinu 1. janúar 1942 til 1. janúar 1946, kr. 9.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
3. Í húsum, teknum til afnota eftir 1. jan. 1946, kr. 11.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.

Verðlagsuppbót samkvæmt húsaleiguvísitölu greiðist ekki á leigupphæð samkvæmt þessari grein.

2. gr. 30
 Húsaleigunefndir framkvæma mat á leiguhúsnæði og annast um, að ákvæðum 4. febr.
 1. gr. sé fylgt.

3. gr.
 Fyrir orðin „14. maí 1952“ á tveim stöðum í 7. gr. laga nr. 56 1950, um breyting
 á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu, kemur: 14. maí 1953.

4. gr.
 Leigusala (framleigusala) er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innan-
 héraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og eru slíkir leigusamningar ógildir.

Opinberir starfsmenn ríkis og bæja og alþingismenn, er koma til þingsetu, eru
 undanþegnir ákvæðum 1. mgr., svo og fastir nemendur í skólum ríkisins eða skólum,
 sem styrktir eru af ríkisfé, meðan þeir þurfa að hafa not skólavistar, en tilkynna
 skulu þessir aðilar húsaleigunefnd ekki síðar en viku eftir að þeir koma í bæinn,
 hvaða húsnæði þeir hafa fengið, og um leiguskilmála. Húsaleigunefnd er og heimilt
 að veita einstökum mönnum undanþágu frá ákvæðum sömu málsg., ef alveg sér-
 staklega stendur á.

Utanhéraðsmönnum er óheimilt að flytja í hús, er þeir kunna að kaupa eftir
 gildistöku laga þessara í kaupstöðum eða kauptúnum landsins, nema fullnægt sé
 ákvæði 2. málsg. þessarar greinar.

Húsaleigunefnd getur látið framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem
 ólöglega hafa tekið húsnæði á leigu eða flutt í það samkvæmt framansögðu, og skal
 þessu húsnæði ráðstafað handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum.

5. gr.
 Brot á lögum þessum varða sektum frá 100—10000 krónum.

6. gr.
 Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.
 (L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

um skipun prestakalla.

31

4. febr.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
 voru:

1. gr.

Prófastsdæmum og prestaköllum landsins skal skipað þannig:

I. Norður-Múlaprófastsdæmi.

1. Skeggjastaðir. Skeggjastaðasókn.
 Prestssetur: Skeggjastaðir.